

Nd.

578. Nefndarálit

[52. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

29. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, skulu geta notið lána samkvæmt II. kafla þessara laga eða samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason og Garðar Sigurðsson.

Alþingi, 25. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson,
form.

Stefán Valgeirsson,
frsm.

Ágúst Þorvaldsson.

Ólafur G. Einarsson.